



# Erindisbréf fyrir Eineltisteymi Dalvíkurbyggðar

## Staðsetning í stjórnýslu sveitarfélagsins:

Hjá Dalvíkurbyggð starfar eineltisteymi sem skipað er fimm einstaklingum sem eru starfsmenn Dalvíkurbyggðar. Stjórnendur sveitarfélagsins eru að jafnaði ekki tilnefndir í teymið.

- 2 fulltrúar frá fræðslu- og menningarsviði.
- 1 fulltrúi frá félagsmálasviði.
- 1 fulltrúi frá framkvæmdasviði.
- 1 fulltrúi frá fjármála- og stjórnýslusviði.

Sviðsstjórar á hverju fagsviði fyrir sig leita eftir tilnefningum frá starfsmönnum sviða með milligöngu stjórnenda eftir því sem við á.

Eineltisteymið heyrir beint undir byggðarráð og er í umsjá sviðsstjóra fjármála- og stjórnýslusviðs. Kynjahlutföll skulu vera sem jöfnust. Breytingar í starfsmannahaldi eða úrsögn úr teyminu skulu tilkynntar sviðsstjóra fjármála- og stjórnýslusviðs eins fljótt og auðið er svo hægt sé að fullskipa teymið að nýju.

## Hlutverk eineltisteymisins er að:

- Vinna eftir stefnu og aðgerðaáætlun sveitarfélagsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi eins og hún er á hverjum tíma.
- Vera stefnumótandi.
- Upplýsa starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélagsins um stefnu eineltisteymisins, verkferla og viðbragðsáætlun þegar upp koma mál sem tengjast einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum þess.
- Upplýsa starfsfólk og kjörna fulltrúa um úrræði og stuðning sem er í boði.
- Leiðbeina stjórnendum um verklag og úrræði ef upp kemur einelti, kynbundin áreitni eða ofbeldi á vinnustað.
- Skipta með sér verkum vegna forvarna og fræðslu til starfsmanna og kjörinna fulltrúa.

## Hlutverk ráðgjafafyrirtækis:

- Veitir Dalvíkurbyggð ráðgjöf vegna viðkvæmra mála sem upp geta komið, til dæmis vegna eineltis, áreitnis eða ofbeldismála. Nánari upplýsingar um framkvæmd þjónustunnar er að finna í samningi á milli Dalvíkurbyggðar og viðkomandi ráðgjafafyrirtækis á hverjum tíma.
- Þjónusta ráðgjafafyrirtækis nær til þeirra tilvika sem falla undir stefnu og viðbragðsáætlun Dalvíkurbyggðar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.
  - Starfsmenn verkkaupa geta leitað til ráðgjafa ef þeir kjósa að leita til hlutlauss aðila frekar enn að leita til stjórnenda eða öryggistrúnaðarmanna hjá Dalvíkurbyggð.
  - Stjórnendur hjá Dalvíkurbyggð geta leitað til ráðgjafa vegna starfsmannamála, sem þeir meta að falli mögulega undir ofangreinda stefnu og viðbragðsáætlun Dalvíkurbyggðar, telji þeir þörf á.

## Skyldur eineltisteymisins:

Mikilvægt er að þeir fulltrúar sem eru tilnefndir í teymið og skipa það hverju sinni hafi áhuga á verkefninu og þekkingu og/eða séu tilbúnir að tileinka sér þekkingu á viðfangsefninu.



Ekki eru um launað teymi að ræða. Störf teymisins þurfa að rúmast innan kjara og vinnutíma viðkomandi starfsmanna.

Auk verkefna sem teymið hefur með höndum samkvæmt stefnu Dalvíkurbyggðar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og erindisbréfi þessu, getur sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs falið því ýmis mál með erindisbréfum og samþykktum.

(Um réttindi og skyldur fulltrúa í eineltisteymi Dalvíkurbyggðar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar eftir atvikum.) Fulltrúar eineltisteymisins eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir teymið og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt einstaklingar hætti setu í teyminu.

#### **Fundir:**

Teymið fundar að jafnaði 2 sinnum á ári eða oftar ef þurfa þykir. Fundarboð ásamt dagskrá skal sent út og fundargerð rituð.

***Samþykkt á 1034. fundi byggðaráðs þann 18.08.2022.***